

Nd. 233. Breytingartillögur

við frv. til laga um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 1. gr.
 - a. Fyrir „4 aura“ í staflið a. kemur: 2 aura.
 - b. Fyrir „1 — eina — krónu“ í staflið b. kemur: 50 aura.
 - c. Stafliður c. orðist svo:
 1. Af leigubifreiðum til mannflutninga 3 — þrjár — krónur árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.
 2. Af einkabifreiðum 6 — sex — krónur árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.
2. Við 5. gr.

Fyrir „300 l.“ í fyrstu málsgrein kemur: 500 l.

3. Við 8. gr.

Greinina skal orða svo:

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið sem hér segir:

- a. Innflutningsgjaldi af benzíni samkv. 1. gr. a. skal varið til viðhalds og umbóta á akfærum þjóðvegum. Um skiptingu fjárins til einstakra vega og vegakafla fer eftir sömu reglum og um annað fé til viðhalds þjóðvegum. Þó skal að minnsta kosti 20% af þessu gjaldi varið til þess að greiða aukakostnað af því að malbika þjóðvegakafla eða gera slitlag úr öðru varanlegu efni, þar sem umferð bifreiða er mest.
- b. Innflutningsgjaldi af hjólabörðum o. s. frv. samkv. 1. gr. b. skal varið til viðhalds og umbóta akfærra sýsluvega samkvæmt reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur. Skal skipta fénu eftir tillögum vegamálastjóra og haga svo til, að féð skiptist milli veganna sem næst eftir umferð bifreiða og aðstöðu til viðhalds.
- c. Þungaskatti samkv. 1. gr. c. og skatti af tvíhjóla bifreiðum (1. gr. d.) skal varið til malbikunar eða annara haldgóðra aðgerða á götum í bæjum eða vegum í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem bifreiðarnar eru skrásettar. Bæjarstjórnir og sýslunefndir ákveða, hvernig þessu gjaldi er varið.